



Steinahringir

ESP_030222_1220



HIGH RESOLUTION IMAGING
SCIENCE EXPERIMENT
UAHIRISE.ORG/IS



Hér sést svæði suðaustur af hinni risavöxnu Hellas árekstrardæld sem hefur sérstaka eiginleika á hitamyndum THEMIS. Að degi til er hitastig yfirborðsins fremur kalt á meðan næturhitastigið er nokkuð hlýtt. Þetta segir okkur að yfirborðsefnið leiðir hita vel, líkt og steinar frekar en finna efni. Á þessari mynd sjást fjölmargir hnullungar og sumstaðar mynda þeir gróf hringamynstur. Ástæðan fyrir þessu gæti mögulega verið vegna margra lítilla árekstrargíga (sem ekki sjást lengur nema hugsanlega vegna mynstursins). Önnur tilgáta er sú að virk ferli á Mars geti smám saman flutt til stóra hnullunga (allt að nokkrir metrar að þvermáli) með tímanum.